

Priðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 399/1990. **Örn Felixson**

gegn

**Skúla Ólafs.**

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 16. október 1990. Sóknaraðili fékk vitneskju um dóminn 8. sama mánaðar. Hefur kæran því borist héraðsdómara innan lögmæltis frests samkvæmt 22. gr. nefndra laga. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 30. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Á árinu 1987 var keyptur til landsins valtari frá Ítalíu. Tækið var selt á nauðungaruppboði í Reykjavík 23. september 1989 vegna vanskila á aðflutningsgjöldum. Málsaðilar áttu hlut að kaupnum frá Ítalíu og deila nú um uppgjör sín á milli. Sóknaraðili, stefnandi í héraði, krefur varnaraðila um 1.800.000 krónur auk vaxta og málskostnaðar. Kveðst hann hafa greitt varnaraðila þessa upphæð. Deilt er um, hvor aðila beri tjón af því, að til nauðungarsölu kom.

Eins og í hinum kærða dómi segir, er málatilbúnaði sóknaraðila ábótavant. Þó er málavöxtum lýst í stefnu og greinargerðum, og lögð hafa verið fram alls 17 skjöl. Af hálfu sóknaraðila er fram komið, að hann hafi ekki tiltæk önnur gögn. Eins og á stendur, á hann rétt á efnisdómi, eins og hann krefst. Gögn þau, sem fram eru komin með texta á erlendum málum, varða ekki sakarefnið með þeim hætti, að það leiði til frávísunar, að þýðing fylgir ekki.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávísunardóm

úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar á ný. Málskostnaður verður ekki dæmdur í héraði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi, og ber héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar á ný.

#### Dómur bæjarþings Seltjarnarness 28. september 1990.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum flutningi um frávisunarkröfu stefnda þann 25. september, er höfðað hér fyrir dómnum með stefnu, birtri 17. mars 1990.

Stefnandi er Örn Felixson, Hofgörðum 23, Seltjarnarnesi, kt. 131256-4699, og stefndi er Skúli Ólafs, Vesturströnd 31, Seltjarnarnesi, kt. 210140-2719.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.800.000 auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 21. desember 1987. Stefnandi krefst þess einnig, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 21. desember 1988. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæðin beri hæstu lögleyfðu dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu. Málskostnaðar er krafist, hver sem úrslit málsins kunna að verða, og að málskostnaðurinn beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu til greiðsludags.

— — —

#### II.

Fallast verður á með stefnda, að lýsing málsástæðna og málavaxta stefnanda sé ábótavant.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn af hálfu stefnanda, þykir nokkuð skorta á, að málatalibúnaður stefnanda sé það ljós, að unnt sé að leggja efnisdóm á málið.

Einnig þykir nokkuð skorta á, að lögð hafi verið fram þau gögn, sem máli skipta, eða greint frá atvikum á þann veg, að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo að unnt sé að taka efnislega afstöðu til málsins.

Stefnandi hefur lagt fram tvö skjöl á ensku og eitt skjal, sem er á ensku

og að hluta til á ítölsku. Samkvæmt 40. gr. laga nr. 85/1936 verður þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður ákveðst kr. 25.000, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Örn Felixson, greiði stefnda, Skúla Ólafs, kr. 25.000 í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

---